

## REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 909/2006

2008/EES/78/27

frá 20.júní 2006

## um breytingu á I. og II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 138/2004 um hagreiðninga landbúnaðarins í Bandalaginu\*

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 138/2004 frá 5. desember 2003 um hagrænar landbúnaðarskýrslur í Bandalaginu <sup>(1)</sup>, einkum 2. mgr. 2. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í I. og II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 138/2004 er sett fram aðferðafræði og áætlun um gagnaflutninga fyrir hagreiðninga í landbúnaði í Bandalaginu (EAA). Vegna breytinganna á evrópska þjóðhagsreiðningakerfinu (ESA 95) varðandi skráningu á óbeint mældri fjármálaþjónustu (FISIM) skal uppfæra aðferðafræði hagreiðninga landbúnaðarins til að viðhalda samræmi við evrópska þjóðhagsreiðningakerfið, aðalbálks þjóðhagsreiðninga.
- 2) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 138/2004 til samræmis við það.

- 3) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um landbúnaðarskýrslur sem komið var á fót með ákvörðun ráðsins 72/279/EBE <sup>(2)</sup>.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum I. viðauka við reglugerð (EB) nr.138/2004 er breytt eins og fram kemur í I. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr.138/2004 er breytt eins og fram kemur í II. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 20. júní 2006.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Joaquín ALMUNIA

framkvæmdastjóri.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 168, 21.6.2006, bls. 14. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 158/2006 frá 8. desember 2006 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 15, 29.3.2007, p. 28.

(<sup>1</sup>) Stjtið. ESB L 33, 5.2.2004, bls. 1. Reglugerðinni var breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 306/2005 (Stjtið. ESB L 52, 25.2.2005, bls. 9).

(<sup>2</sup>) Stjtið. EB L 179, 7.8.1972, bls. 1.

## I. VIÐAUKI

Ákvæðum I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 138/2004 er breytt sem hér segir:

1. Liður 2.096 falli brott,
2. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 2.107:
  - „j) Óbeint mæld fjármálaþjónusta (FISIM)
  - 2.107.1. Í samræmi við reglur evrópska þjóðhagsreikningakerfisins skal virði óbeint mældrar fjármálaþjónustu (ÓMF), sem notað er innan landbúnaðarins, fært sem aðfanganotkun atvinnugreinarinnar (sbr. I. viðauka við ESA-'95).“,
3. Eftirfarandi komi í stað fyrirsagnarinnar við lið 2.108:
  - „k) Önnur vara og þjónusta“,
4. Í stað i-liðar 2.108 komi eftirfarandi:
  - „i) Þjónustugjöld banka (en ekki vextir af bankalánum)“,
5. Eftirfarandi komi í stað liðar 3.079:
  - „3.079. Þar sem virði þjónustunnar, sem fjármálamililiðir veita, skiptist niður á viðskiptamennina, þarf að leiðrétta raungreiðslur vaxta til eða frá fjármálamililiðum, til að fella niður þá framlegð sem svarar til innifalinnar þóknunar fyrir veitta þjónustu. Áætlað virði þessa kostnaðar skal dregið frá vöxtunum sem lántakendur greiða fjármálamililiðum og bætt við þá vexti sem innlánseigendur fá. Kostnaðurinn telst vera þóknun fyrir veitta þjónustu fjármálamililiða við viðskiptavinum sína en ekki vaxtagreiðsla (sbr. lið 2.107.1 og i-lið í lið 2.108 og lið 4.51 í I. viðauka ESA-'95)“.

## II. VIÐAUKI

Í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 138/2004 komi eftirfarandi tveir liðir í stað liðar 19.10 „Önnur vara og þjónusta“:

Liður	Skrá yfir breytur	Sending varðandi viðmiðunarár n		
		Nóvember árið n (áætlun)	Janúar árið n + 1 (áætlun)	September árið n + 1
„19.10	Óbeint mæld fjármálaþjónusta (ÓMF)	X	X	X
19.11	Önnur vara og þjónusta	X	X	X <sup>cc</sup>